

## Leyfi og forföll

Stundvísi er mikilvæg. Nemandi sem kemur of seint truflar vinnufrið og spillir oft vinnugleði í bekknum sínum auk þess að sýna virðingarleysi við tíma annarra.

Tilkynna þarf veikindi eða önnur forföll eins fljótt og hægt er.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta vita í skólann alla daga sem veikindi standa yfir; í gegnum tölvu með því að nota Mentor, símleiðis eða á netfang skólans: [glerarskoli@akureyri.is](mailto:glerarskoli@akureyri.is). Sé ljóst að nemandinn verði veikur í fleiri daga, má skrá strax þá daga.

Þetta er gert til þess að fylgjast betur með skráningu / mætingu nemenda.

Í vondum veðrum og afleitri færð verða foreldrar að meta hvort þeir treysta börnunum í eða úr skóla. Starfsfólk er til taks að taka á móti nemendum. Skóla er ekki aflýst nema í verstu veðrum og þá gjarnan í öllum grunnskólum bæjarins og er það ávallt auglýst í útvarpi. Brestir á vont veður meðan nemendur eru í skólanum eru foreldrar beðnir um að sjá til þess að þeir verði sóttir sem fyrst eftir að skóla lýkur. ([Sjá heimasíðu skólans](#))

Foreldrar eru beðnir að snúa sér til umsjónarkennara með eins til tveggja daga leyfi fyrir nemendur en ef um lengra leyfi en þrjá daga er að ræða þarf að sækja um slíkt með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu skólans.

Um þessi leyfi segir í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

***“Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.”***

**Ítrekuð leyfi á starfstíma skóla eru óæskileg.**

Allar fjarvistir nemenda eru skráðar í upplýsingakerfi skólans Mentor.is.